

um, og verður hún þegar af þeirri ástæðu ekki tekin til greina.

2. Rétturinn telur enga athöfn lögreglunnar í sambandi við mjólkursölu stefnanda hafa verið þess eðlis, að stefnandi geti hafa öðlazzt nokkra skaðabótakröfu á hendur stefndum út af sölubanninu og verður stefndur því sýknaður af þessum kröfulið.

3. og 4. Sýknukröfu sína af greiðslu andvirðis mjólkur þeirrar, er lögreglan tók af stefnanda, byggir stefndur á því, að stefnandi geti, hve nær sem er, tekið andvirði hennar hjá Mjólkurfélagi Reykjavíkur, þar eð upplýst sé, að andvirðið standi þar inni á nafni stefnanda.

Eins og áður segir, telur rétturinn stefndan hafa gert það eina, sem eftir atvikum virðist hafa verið mögulegt að gera til að gera stefnanda mjólkina verðmæta, og verður ekki talið, að honum hafi borið skylda til að hefja andvirðið og afhenda stefndum það, heldur hafi hann eins og á stóð fullnægt skyldu sinni með því að selja mjólkina og veita stefnanda ráðstöfunarrétt yfir andvirði hennar. Þessi kröfuliður verður því heldur ekki tekin til greina. Skv. þessu verður ekki um það að ræða, að stefndum verði tildæmdir neinir vextir.

Úrslit málsins verða því skv. framansögðu þau, að stefndur verður sýknaður af kröfum stefnanda og á stefnandi að greiða honum kr. 25.00 í málskostnað.

Föstudaginn 14. maí 1937.

Nr. 52/1936. **Réttvísín og valdstjórnin**
(Theódór B. Línal)
gegn

Óskari Valdimar Eggertssyni, Sigurlaugu Sigurbjörnsdóttur, Guðrúnu Guðmundsdóttur og Sessilíusi Sæmundssyni (Jón Ásbjörnsson).

Fjórar manneskjur ákærðar fyrir brot gegn 26. kap. hegningarlaganna og lögum nr. 47 frá 1932.

Tvær þeirra sýknaðar af öllum kæratriðunum; hinar tvær sýknaðar af ákæru fyrir brot gegn 26. kap. hegningarlaganna, en dæmdar fyrir brot gegn 15. gr. I. tl. og 16. gr. laga nr. 47/1932, að nokkru beinlínis og að nokkru analógiskt.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 27. marz 1936: Ákærði Óskar Valdimar Eggertsson og Sigurlaug Sigurbjörnsdóttir sæti hvort um sig eins mánaðar fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsógn dóms þessa að telja, ef skilorð laga nr. 39 1907 eru haldin.

Ákærð Guðrún Guðmundsdóttir og Sessilius Sæmundsson greiði hvort um sig 200 króna sekt til ríkissjóðs innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afpláni ella sektina með 12 daga einföldu fangelsi.

Ákærð Guðrún og Sessilius greiði in solidum málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Jóns Ásbjörnssonar, hrm., kr. 75.00, en annar kostnaður sakarinnar greiðist af ákærðum öllum in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Verknaður sá, sem hin ákærðu Sessilius Sæmundsson og Guðrún Guðmundsdóttir eru sökuð um í þessu máli, er sama eðlis og fólgin í því, að þau hafa ýmist með fyrirbænum, meinlausum húsráðum eða með andlegum krafti, er þau nefna svo, gert tilraun til að ráða bót á meinum manna, sem leitað hafa til þeirra í því skyni. Halda þau því fram, að þessa andlega kraftar verði þeir, sem til þeirra leita, aðnjótandi fyrir milligöngu þeirra og atbeina framliðinna manna, sem þau komist í samband við. Hinsvegar er ekki upplýst, að þau hafi gert nokkuð, beint eða óbeint, til þess að aftra því eða afstýra, að þessir sömu menn leituðu sér læk-

inga hjá læknum, og sjálf skýra þau svo frá, og styðst það við framburð vitna, sem leidd hafa verið í málinu, að þau hafi oft hvatt menn til að snúa sér til lækna með veikindi sín. Þessar athafnir þeirra eru ekki þannig lagaðar, að þær verði taldar til lækningastarfsemi í þeirri merkingu, sem ætla verður að leggja beri í hugtakið lækningar í lögum um lækningaleyfi o. fl., nr. 47/1932. Hin ákærða Guðrún hefir stundum þegið smávegis þóknun fyrir nefndar aðgerðir sínar, en ekki er upplýst, að ákærður Sessilius hafi sjálfur tekið við þóknun, en hann kveður börnum sínum stundum hafa verið vikið lítilræði af þeim, sem hans hafa leitað, og þar sem ekki er ástæða til annars en að ætla, að þau hafi sjálf álitid, að aðgerðir þeirra gætu orðið að liði, þá verður ekki talið, að þær hafi verið framkvæmdar í blekkingarskyni til þess að hafa af mönnum fé. Hafa þau því ekki heldur með þessum aðgerðum gerzt sek um brot á neinum ákvæðum 26. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869. Framangreindur verknaður þeirra varðar því ekki við lög, og ber þá að sýkna þau af ákæru réttvisinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

Eins og frá er skýrt í hinum áfrýjaða dómi, hafa hin ákærðu Óskar Valdimar Eggertsson og Sigurlaug Sigurbjörnsdóttir talið sig standa í sambandi við framliðinn lækni, sem geti veitt mönnum andlega hjálp við sjúkdómum fyrir milligöngu þeirra, og svipar starfsemi þeirra að því leyti til athafna hinna ákærðu Sessiliusar og Guðrúnar, sem áður er lýst. En hin ákærðu Óskar og Sigurlaug hafa ávallt gert það að skilyrði fyrir aðstoð af sinni hálfu, að þeir, sem áttu að verða aðnjótandi þessa andlega

kraftar fyrir milligöngu þeirra, leituðu ekki lækna, meðan á því stæði. Þá eru þau og sönn að því, eins og nánar er lýst í héraðsdóminum, að hafa gert að skilyrði fyrir aðstoð við berkla sjúklinginn Kristínu Elíasdóttur, að teknar yrðu gipsunbúðir lækna af fæti hennar og bindi sett í staðinn, og þannig beinlínis mælt fyrir um sérstaka lækningameðferð á þeim sjúklingi. Samkvæmt umsögn eins af yfirlæknum Landspítalans, sem lögð var fram í máli þessu í héraði, og tveimur vottorðum sama yfirlæknis, sem lögð hafa verið fram hér í réttinum, verður að ætla, að þessi afskipti hinna ákærðu af nefndum sjúklingi hafi seinkað bata hennar, en ekki getur talizt sannað, að hún hafi hlotið af þeim varanlegt heilsutjón.

Framangreind afskipti hinna ákærðu Óskars og Sigurlaugar af berkla sjúklingnum Kristínu Elíasdóttur varða við 1. tölulið 15. gr. og 16. gr. ofanefndra laga um lækningaleyfi o. fl., nr. 47/1932. Og sá verknaður þeirra, að heita sjúklingum, þar á meðal berkla sjúklingum, aðstoð sinni á framangreindan hátt, með því skilyrði, að sjúklingurinn leitaði ekki lækni, meðan á því stæði, er ólögætur samkvæmt analogiu nefndrar 15. gr. 1. töluliðs sömu laga, og að því er til berkla sjúklinga tekur einnig samkvæmt analogiu 16. gr. sömu laga.

Hin ákærðu Óskar og Sigurlaug hafa kannazt við það, að hafa yfirleitt áskilið sér 10 króna þóknun af hverjum manni, sem til þeirra leitaði, og kveða hinn framliðna lækni, sem þau telja sig standa í sambandi við, hafa fyrirskipað þeim að taka ekki minna en 10 til 15 króna gjald af hverjum þeim, sem æskti aðstoðar þeirra. Þrátt fyrir þetta

þykir þó ekki alveg fullyrðandi, að þau hafi haft í frammi vísvitandi blekkingar í því skyni að hafa fé af mönnum. Ber því að sýkna þau af ákæru réttvísinnar fyrir brot á ákvæðum 26. kap. hinna almennu hegningarlaga eins og gert er í hinum áfrýjaða dómi.

Refsing hinna ákærðu Óskars og Sigurlaugar fyrir framangreind brot þeirra á ákvæðum laga um lækningaleyfi o. fl., nr. 47/1932, þykir hæfilega ákveðin samkvæmt 18. gr. laganna 40 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir hvort þeirra um sig, en þar sem hér er um fyrsta brot að ræða hjá þeim báðum, þykir mega ákveða, eins og gert er í héraðsdóminum, að refsing þeirra verði skilorðsbundin samkvæmt ákvæðum laga nr. 39/1907, sbr. lög nr. 57/1933.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að greiða úr rikissjóði málsvarnarlaun skipaðs talsmanns hinna ákærðu Sessiliusar og Guðrúnar í héraði, Jóns Ásbjörnssonar, hæstaréttarmálflutningsmanns, kr. 75.00. Allan annan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflytningulaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 250 kr. til hvors, greiði ákærðu Óskar og Sigurlaug in solidum að $\frac{2}{3}$ hlutum, en að $\frac{1}{3}$ hluta skal hann greiddur úr rikissjóði.

Það athugast, að réttara hefði verið að höfða sér í lagi mál gegn hvoru þeirra Sessiliusi og Guðrúnu og þriðja málið gegn þeim hjónunum Óskari og Sigurlaugu.

Því dæmist rétt vera:

Ákærðu Sessilius Sæmundsson og Guðrún Guðmundsdóttir eiga að vera sýkn af ákæru

réttvisinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

Ákærðu Óskar Valdimar Eggertsson og Sigurlaug Sigurbjörnsdóttir sæti, hvort um sig, fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 40 daga. En fresta skal fullnustu refsingar þeirra beggja, og niður skal hún falla að 5 árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39/1907 verða haldin.

Málsvarnarlaun skipaðs talsmanns í héraði hinna ákærðu Sessiliusar og Guðrúnar, Jóns Ásbjörnssonar, hæstaréttarmálflutningsmanns, kr. 75.00, greiðist úr rikissjóði. Allan annan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Theódórs B. Lindal og Jóns Ásbjörnssonar, 250 krónur til hvors, greiði ákærðu Óskar og Sigurlaug in solidum að $\frac{2}{3}$ hlutum, en að $\frac{1}{3}$ hluta skal hann greiddur úr rikissjóði.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvisinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn þeim Óskari Valdimar Eggertssyni, bifreiðarstjóra, Bausveg 19 hér í bæ, konu hans Sigurlaugu Sigurbjörnsdóttur, Guðrúnu Guðmundsdóttur, húsfri, Hringbraut 119, og Sessilíusi Sæmundssyni, verkamanni, til heimilis Óðinsgötu 4 hér í bæ, fyrir brot gegn 26. kap.

hinna almennu hegningarlaga frá 1869 og lögum nr. 47, 23. júní 1932.

Ákærð eru öll komin yfir lögaldur sakamanna. Eru þau fædd eins og hér segir:

Óskar 26. júní 1908.

Sigurlaug 14. apríl 1908.

Guðrún 17. maí 1900.

Sessilius 7. ágúst 1885.

Ekkert hinna ákærðu hefir fyrr sætt refsingu eða komizt undir ákæru.

Með bréfum, dagsettum 14. og 19. nóvember s. l., kærði landlæknir til lögreglunnar yfir óleyfilegri lækningastarfsemi, er framkvæmd hefði verið á smitandi berklasjúklingum og hin ákærðu Óskar og Sigurlaug reyndust vera völd að. Undir rannsókninni kom í ljós, að hin ákærðu Guðrún og Sessilius einnig lögðu stund á einskona lækningastarfsemi, en þó óháð þeim hjónum og hvort öðru. Verður hér á eftir lýst starfsemi hvers þeirra út af fyrir sig.

2.

Þau hjónin Óskar og Sigurlaug telja sig vera gædd sálrenum hæfileikum og stunduðu þannig nokkuð ósjálfráða skrift.

Í janúarmánuði 1934 telja þau sig hafa komizt í gegnum hana í samband við framliðinn lækni, sem þá læknaði þau sjálf af sjúkdómum, er þau gengu með.

Upp úr þessu fóru þau hjónin að leita til hins framliðna læknis með sjúkdóma annarra, fyrst venzlafólks síns og nákunningja síðan fleiri, eftir því sem fréttir af þessu starfi þeirra bárust út og fólk leitaði til þeirra. Kváðust þau ekkert hafa gjört til að auglýsa þessa starfsemi sína, en engum sjúklingum sýnjað um hjálp nema þeim, er gengu með kynsjúkdóma eða þau töldu að bæru dauðamein. Upp á síðkastið var aðsókn orðin töluverð og leið ekki svo dagur, að ekki leituðu til þeirra fleiri eða færri sjúklingar.

Í septembermánuði 1934 fóru þau hjón að taka gjald af sjúklingunum. Skýra þau svo frá, að hinn framliðni læknir hafi þá skipað sér að taka 10—15 krónur af hverjum sjúklingi, sem til þeirra leitaði, og kveðast þau hafa valið lægri upphæðina og mörgum gefið læknishjálpinu eftir sem áður.

Starfseminni lýsa þau svo, að eftir að þau eru beðin fyrir sjúkling, leita þau sambands við hinn framliðna lækni, fyrst í stað gegnum ósjálfráða skrift, en síðan fannst þeim eins og lækurinn hvíslaði að þeim því, er hann þurfti að segja. Kveða þau, að hinn framliðni lækur hafi þannig lýst fyrir sér sjúkdóminum, lagt á ráð og lofað að gjöra það, sem hann gæti, til hjálpar. Segja þau síðan sjúklingnum frá þessu. Ráðleggingarnar varða einkum mat-æraði og klæðnað, en aðallækninguna telja þau vera guðskraft eða kraftaverk.

Ákærð hafa viðurkennt að hafa jafnan skýrt sjúklingum þeim, er leitað hafa til þeirra, svo frá, að ef þeir færu til annars læknis, gætu þau ekki hjálpað, þá hættu þeirra aðgerðir jafnskjótt. Telja þau, að hinn framliðni lækur hafi tjáð sér, að hann gæti ekkert við þá sjúklinga gjört, er jarðneskir læknar stunduðu.

Starfsemi þessa hafa þau hjónin stundað saman án sérstakra verkaskiptinga, þannig, að það þeirra, er var viðlátið í það og það skiptið, sinnti sjúklingunum eða náði sambandi við hinn framliðna lækni.

3.

Tvö þeirra lækningatilfella, er ákærð hafa fengizt við og upplýstst hafa í rannsókn málsins, eru þess eðlis, að þeirra verður að geta sérstaklega.

Sjúklingurinn Sólveig Gísladóttir leitaði til Sigurlaugar í septembermánuði s. l. Er hún smitandi berklasjúklingur og hafði af berklayfirlækninum verið skipað að fara á heilsuhæli. Kærð tjáði henni, að hún hefði beðið hinn framliðna lækni fyrir hana og hann lofaði að hjálpa, en tók jafnframt fram við hana, að hún mætti þá ekki leita annarar læknishjálpar.

Sjúklingurinn hefir verið leiddur sem vitni í málinu og hefir hann borið það, að ástæður sínar til þess að neita að fara að ráðum berklayfirlæknisins hafi verið tvær: Í fyrsta lagi hafi hún ekki viljað fara á heilsuhæli það, er henni var ætlaður staður á, og í öðru lagi hafi hún haft trú á lækningu hins framliðna læknis fyrir milli-göngu Sigurlaugar og vildi ekki verða af þeirri lækningu með því að leita annarra lækna.

Í fyrravetur var leitað til þeirra hjóna vegna sjúklings-

ins Kristinar Eliasdóttur á Bala í Þykkvabæ. Var hún með berkla í hnéið, (hydrops tuberculosa), hafði verið í ljós-lækningum og var í gipsumbúðum. Þau hjónin fluttu þegar þau skilaboð frá hinum framliðna lækni, að hann væri fús að hjálpa, ef gipsumbúðirnar væru teknar af, og var það þegar gjört að ráðum þeirra, því sjúklingurinn og fólk hans hafði trú á þessum lækningum. Jafnframt fyrirskipuðu hin ákærðu að vefja skyldi um hnéið hreinum bindum.

Nokkrum tíma eftir að umbúðirnar voru teknar af fætinum fór hnéð að bóligna og var því farið með sjúkl-inginn til Reykjavíkur og var tilætlunin að leita læknis. Fyrst var samt farið á fund þeirra hjóna, og höfðu þau þá eftir hinum framliðna lækni, að ástand hnésins væri eðlilegt og ætti að fara út úr því og væri það því á bata-vegi. Varð því ekkert úr, að sjúklingurinn leitaði læknis. Dvaldi hann í bænum fram á vorið og síðast á heimili þeirra hjóna og telur, að sér hafi verið mikið batnað, þegar hann fór þaðan.

Um sumarið fór sjúklingnum að versna aftur, og var þá enn leitað til þeirra hjóna, er töldu það stafa af því, að bindi þau, er sjúklingurinn notaði um hnéið, hefðu ekki verið hrein, en fullyrtu áfram, að hinn framliðni læknir myndi hjálpa, svo sem hann gæti. Var ekkert aðhafzt um meinið fyrr en í byrjun nóvembermán. s. l., að héraðslæknir kom á heimili sjúklingsins, án þess að hans væri vitjað, og sendi hann sjúklinginn þegar í stað í Landsspítalann.

Þegar sjúklingurinn kom í Landsspítalann, var ástand hnésins „mjög alvarlegt, 5 fistlar og kaldir abscessar kringum liðinn. Er í ráði að gera resectio genus, en undir hælinn lagt, hvort sú aðgerð muni duga úr þessu“, — eins og segir í vottorði Guðmundar yfirlæknis Thor-oddsen.

4.

Árið 1924 tók ákærð Guðrún Guðmundsdóttir að stunda „sálrænar lækningar“, þá í Vestmannaeyjum, en flutti hingað til bæjarins árið 1929.

Þessari starfsemi sinni lýsir hún svo:

Hún kveðst hafa miðilsgáfu, og jafnan þegar sjúklingar leita hennar, leggur hún sjúkdóminn fyrir stjórnanda

sinn, sem hún upphaflega kallaði Friðrik, en seinna hætti að nefna ákveðnu nafni. Síðan skýrir hún sjúklingnum frá þessu og að stjórnandinn muni gera það, sem hann geti til hjálpar, og veitir jafnframt ráðleggingar svo sem um mataræði, böð, göngur og stöku sinnum meðöl.

Frekari afskipti hefir ákærð að jafnaði ekki af sjúklingum þeim, er til hennar leita. Stundum kveðst hún þó fara höndum um sjúklingana og telur hún það auka lækningakraftinn. Jafnframt kveðst hún þá eins og sjá í gegnum líkamann og þannig verða vör meinsemdanna. Þessa aðferð kveðst ákærð þó sjaldan viðhafa, því lækningin dragi mjög orku frá sér.

Strax eftir að ákærð hóf þessa starfsemi, varð mikil aðsókn að henni. Leitaði fólk bæði til hennar persónulega og eins með skilaboðum, bréfum og símskeytum. Var það viðsvegar af landinu og jafnvel úr öðrum löndum. Upp úr því að hún fluttist hingað til Reykjavíkur, fór að draga úr aðsókninni, að því er ákærð telur, bæði vegna flutningsins og eins vegna þess, að fleiri fóru þá að stunda slíkar lækningar og upp á síðkastið er mjög úr starfsemiinni dregið.

Ákærð hefir tekið við sjúklingum með allskonar sjúkdóma, kveðst þó ekki muna til þess að hafa tekið að sér sjúklinga með berkla eða aðra smitandi sjúkdóma utan sjúkrahúss. Hún heldur því fram, að oft hafi hún skipað sjúklingum sínum að leita til lækna og aldrei amast við því, að lækna fjölluðu um þá jafnframt sér. Hinsvegar kveður hún, að í upphafi hafi fólk tekið þessa starfsemi sína mjög geyst og sumir þá hætt að vitja lækna, án þess að hún ætti þátt í því eða fengi við það ráðið.

Ákærð kveðst ekki hafa tekið fé fyrir þetta starf sitt fyrr en um haustið 1932, þá kveðst hún hafa tekið upp þann sið, að setja upp 2 krónur, þegar sjúklingarnir minntust á borgun, sumir borguðu henni þó ekkert, en aðrir gáfu henni meira.

5.

Ákærður Sessilius Sæmundsson telur sig vera skyggan og kveðst fyrir nálægt 4 árum síðan hafa komizt þannig í samband við framliðna frænku konu sinnar, er síðan hafi komið sér í samband við þrjá nafngreinda

framliðna lækna og þann fjórða, er kalli sig Friðrik. Upp frá því kveðst hann hafa reynt að hjálpa sjúklingum þeim, er leitað hafa til hans fyrir fulltingi þeirra.

Þessari starfsemi sinni hefir ákærður lýst þannig: Þegar sjúklingur kemur til hans eða einhver biður hann fyrir sjúkling, birtist honum einhver hinna framliðnu lækna. Streyma þá geislar út frá lækninum og á sjúklinginn, og jafnframt birtist ákærðum letur á brjósti læknisins, þar sem stendur: Við gefum þér straum í Jesú nafni. Stundum stendur þar einnig lýsing á sjúkdóminum og stöku sinnum ráðleggingar við honum. En aðallæknisaðgerðin er útgeislun hinna framliðnu lækna, að því er ákærður telur.

Ráðleggingar þær, er ákærður hefir gefið sjúklingnum, eru aðallega volg böð, amerískir plástrar og blóðhorn. Auk þess kveðst hann iðulega hafa ráðlagt mönnum að leita til lækna eða sjúkrahúsa. Hefir hann neitað því að hafa nokkru sinni ráðið sjúklingum frá að leita viðurkenndra læknisaðgerða, og kveður, að hinum framliðnu læknum ríði á að njóta samvinnu við jarðneska lækna.

Ákærður hefir skýrt svo frá, að ávallt hafi verið töluverð aðsókn að sér, og hafi menn leitað til sín jafnvel úr öðrum löndum. Kveðst hann hafa sinnt öllum, er til hans leituðu og hann komst yfir vegna vinnu sinnar, en hann er fastur starfsmaður við Reykjavíkurböfn. Hafa jafnan sótt til hans frá 4 upp í 10 manns á dag með ýmiskonar sjúkdóma, þar á meðal berklasjúkdóma.

Ákærður hefir neitað því að hafa nokkru sinni sett upp gjald fyrir þetta, enda hafi hinir framliðnu læknar bannað sér það. Þó kveður hann, að sumir sjúklingar hafi gefið sér eða börnum sínum nokkrar krónur í tilefni af þessu, þetta frá 1 krónu og upp í 6 krónur, eða geri sér smágreiða fyrir. Þorri sjúklinganna gefi sér þó ekkert.

6.

Eftir því sem upplýstst hefir í rannsókn málsins, verður að gera ráð fyrir því, að öll hin ákærðu hafi framið þessa starfsemi í góðri trú á lækningakraft sinn eða stjórnenda sinna, en ekki í því skyni að blekkja fólk eða hafa af því fé. Þau hafa að visu öll tekið við gjaldi

fyrir ómak sitt, en ekki, svo að séð verði, haft af starfsemiinni verulegar tekjur, þannig að svo verði álitnið, að fjárhagsvonin hafi verið nokkurt höfuðatriði fyrir þeim. Af þessum ástæðum verður að sýkna öll hin ákærðu af ákærinni fyrir brot gegn 26. kap. hinna almennu hegningarlaga.

Hinsvegar fellur starfsemi þeirra allra að álitni réttarins undir 1. tölulið 15. gr. laga nr. 47 23. júní 1932 um lækningaleyfi o. fl. Starfsemi þeirra hefir verið mjög viðtæk, náð um land allt og jafnvel til útlanda, og þau hafa sinnt hverjum þeim, er til þeirra hafa leitað, ef þau hafa talið sig ráða við sjúkdóminn. Eins og starfsemi þeirra hvers fyrir sig er áður lýst, verður ekki hjá því komizt að heimfæra hana undir skottulækningar samkvæmt áður-nefndri lagagrein.

Þá hafa og hin ákærðu hjón, Óskar Valdimar og Sigurlaug, tekið til meðferðar smitandi berklasjúlinga svo að varðar við 16. gr. sömu laga.

Við ákvörðun refsingar hinna ákærðu Óskars Valdimars og Sigurlaugar verður jafnframt að taka tillit til þess, að þau hafa talið sjúklinga þá, er til þeirra hafa leitað, af því að fara til lækna og með því valdið sannanlegu tjóni, eins og áður er lýst. Þykir refsing þeirra hvors um sig hæfilega ákveðin, samkvæmt 18. gr. áðurgreindra laga eins mánaðar fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en vegna ungs aldurs þeirra og undanfarandi hegðunar, þykir mega hafa hana skilorðsbundna, samkvæmt lögum nr. 39/1907.

Refsing hinna ákærðu Sessiliusar og Guðrúnar hvors um sig þykir, með tilliti til þess, að ekki er upplýst um neitt tjón, er af starfsemi þeirra hefir hlotizt, hæfilega ákveðin, samkvæmt 18. gr. laganna, 200 króna sekt til ríkissjóðs, er greiðist innan eins mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 12 daga.

Af kostnaði sakarinnar greiði ákærð Guðrún og Sessilius in solidum málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Jóns Ásbjörnssonar, hrm., er ákveðast kr. 75.00. Annar kostnaður greiðist af ákærðum öllum in solidum.

Málið hefir verið rekið vitalaust.

